

Þingsályktun

**um heimild til staðfestingar tveggja ákvarðana
sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á
XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi, og hins vegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009, um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2011.